



411 fundur Þingvallanefndar 7. október 2014

Fundur haldinn á skrifstofu Þingvallanefndar miðvikudaginn 7. október 2014 kl. 11.30 - 13.00. Mættir voru Sigrún Magnúsdóttir formaður, Svandís Svavarsdóttir, Valgerður Bjarnadóttir, Róbert Marshall, Haraldur Einarsson, Ólafur Örn Haraldsson og Hrefna Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði;

1. Forkaupsréttur að sumarbústað.
Beiðni lögð fram um að ÞVN falli frá forkaupsrétti sínum að Efristíg 3 í Þjóðgarðinum á Þingvöllum dags. 18.8.2014.
Samþykkt.
2. Fjárhagsstaða og fjárveitingar.
Lagðar fram upplýsingar um fjárhagsstöðu Þjóðgarðsins.
Farið yfir fjárveitingar á fjárlögum til Þjóðgarðsins á Þingvöllum.
3. Endurskoðun á stefnumörkun/verndaráætlun Þjóðgarðsins.
Ráðgjafarfyritækið Alta vann að gildandi stefnumörkun fyrir árin 2004-2024 ásamt starfsmönnum Þjóðgarðsins. Ákveðið var að fela Alta að vinna að endurskoðun á henni í samstarfi við starfsmenn og leggja fyrir Þingvallanefnd.
Samþykkt að halda sérstakan fund í Þingvallanefnd um stefnumótunina.
4. Umsókn um heimsminjaskráningu menningarminja frá víkingaöld.
Þjóðgarðsvörður greindi frá vinnu að raðtilnefningu sjö staða í fimm löndum til Heimsminjaskrár Sameinuðu þjóðanna, Unesco. Menningarlandslag Þingvalla er innan þessarar tilnefningar.
Ragnheiður Þórarinsdóttir, Mennta- og menningarmálaráðuneytinu hefur unnið að þessari tilnefningu í ásamt starfsmönnum Þjóðgarðsins.
Fulltrúi frá Icomos (stofnun Unesco) átti fundi hérlandis þann 29. september sl. með fulltrúum aðila sem tengjast verkefninu og heimsótti Þingvelli til þess að kynna sér aðstæður. Greinargerð verður lögð fyrir Þingvallanefnd um heimsóknina.
5. Stefnumótun um starfsemi og rekstur í Þjóðgarðinum.
Þjóðgarðsverði falið að leggja fram til Þingvallanefndar tillögur um hvers konar rekstur og starfsemi eigi að fara fram í Þjóðgarðinum.
7. Lögð fram umsókn frá Jóhannes Sturlaugssyni f.h. Laxfiska dags. 21.9.2014, vegna rannsókna á Þingvallaurriða. Samþykkt.

8. Lagt fram til kynningar erindi frá Lífsmynd dagsett 18.8.2014.
9. Lagt fram til kynningar erindi frá Sigurði Garðarssyni f.h. fjárfesta ódagsett, þar sem sótt er um lóð og aðstöðu til reksturs veitingastofu við Hrafnagjá á Þingvöllum.
10. Þjóðgarðsvörður greindi frá því að hann muni endurnýja leigusamning við Þóru Einarsdóttur ábúanda á Kárastöðum til eins árs um leigu á rekstraraðstöðu í Þjónustumiðstöðunni. Samningurinn mun gilda frá 1.1.2015 - 31.12.2015.
11. Svandís Svavarsdóttir leggur til að þjóðgarðurinn og Þingvallanefnd skoði, hvort grundvöllur sé fyrir því að fá háskólanema til vinnu í einhvers konar gagnaöflun fyrir þjóðgarðinn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.58.